

Áramótapistill frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Gleðilegt ár kæru sveitungar og kærar þakkir fyrir stuðninginn á liðnum árum. Árið 2020 lét okkur aldeilis hafa fyrir lífinu og verkefnum. Árið hófst með birtu og eftirvæntingu, formaðurinn, Laufey Guðmundsdóttir, fór ásamt Forseta Kvenfélagasambandsins, Guðrúnu Þórðardóttur (og félagskonu Kvenfélags Grímsneshrepps), og stjórn KÍ í heimsókn á Bessastaði 1. febrúar á degi kvenfélagskvenna. Þar var Guðna Th. Jóhannessyni fært eintak af 100 ára sögu félagsins „Kvennanna kjarkur og þor“ en titillinn sem valinn var á bókina okkar nýttum við okkur sem innblástur inn í áskoranir ársins 2020. Að leiða hugann 100 ár aftur í tímann og ímynda sér hvernig þessir frumkvöðlar félagsins tókust á við fjölbreyttar áskoranir hjálpaði okkur að gefast ekki upp heldur halda áfram þrátt fyrir takmarkanir ársins.



Laufey Guðmundsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Guðrún Þórðardóttir, forseti Kvenfélagasambands Íslands.

Á heildina litið var árið 2020 árangursríkt ár í starfi kvenfélagsins. Við náðum að halda alla okkar föstu fundi nema jólafundinn þar sem aðalfundurinn var haldinn í febrúar áður en veiran fór á flug í samfélaginu. Þegar fyrsta bylgjan leið undir lok opnaðist góður gluggi til að halda okkar vanalega vorfund og hefja undirbúning á Grímsævintýrum. Við fórum fljótlega að skoða leiðir til að halda okkar árlegu Grímsævintýri og Tombóluna sem hefur verið haldin árlega frá 1926. Skiptar skoðanir voru innan félagsins hvort við ættum yfir höfuð að standa í þessum undirbúningi en ákveðið var að halda í kjarkinn og þor og halda áfram ótrauðar í að skipuleggja hátíðina en þó með einhverju breyttu skipulagi. Við fórum marga hringi og ræddum við fulltrúa sveitarfélagsins og Tintron, við viljum þakka kærlega fyrir þann stuðning og aðstoð sem við fengum þaðan og sérstaklega viljum við þakka útsjónarsemi Ingibjargar sveitarstjóra hvernig við gætum leyst Tombóluna þrátt fyrir fjöldatakmarkanir. En þegar ljóst var að fjöldatakmarkanir voru færðar niður fyrir verslunarmannahelgi var okkur ljóst að búið var að slá öll okkar vopn úr höndum okkar og ákveðið var að slá Grímsævintýrin og Tombóluna formlega af. En þessi vinna var aldeilis ekki til einskis, það að fara svona yfir alla kosti og galla, lausnir og „ómögulegheit“ hefur gefið okkur góðan grunn í stefnu hátíðarinnar til næstu ára. Þar liggur helst fyrir að fara þarf í að vinna að öryggisáætlun og skoða hvernig best er að stýra bílum og flæði fólks á svæðinu. Einnig að skoða hvað við getum og ekki síst hvað við viljum taka á móti mörgum á þessum stutta tíma sem hátíðin er. Stóra niðurstaðan er að Grímsævintýrin á Borg er lítil sveitahátíð sem er að mestu byggð á staðbundnum þáttum eins og þeirri löngu sögu sem Tombólan hefur lifað, vinnuframlagi frá kvenfélagskonum og fjölskyldum þeirra

með stuðningi og þátttöku frá sveitarfélaginu og öðrum félagasamtökum í sveitarfélaginu. Grímsævintýri er hátíð fyrir alla aldurshópa með áherslu á fría afþreyingu fyrir börnin.

Þegar fyrsta bylgjan skall á hugsuðum við fljótlega hvort og hvernig við gætum stutt við samfélagið í þessu ástandi. Við höfðum samband við HSU og spurðumst fyrir hvort eitthvað vantaði á fyrirhugaða COVID deild. Úr var að við styrktum HSU um tvo súrefnismettunarmæla og einn lífsmarkamæli. Tækin munu svo koma að góðum notkun líka í framtíðinni eftir að faraldrinum líkur. Einnig svörðum við kallinu frá Hjálparsveitinni Tintron þegar sveitin óskaði eftir sameiginlegum stuðningi okkar og Lionsklúbbsins Skjalbreiðar um að fjármagna hjartastuðtæki í bílinn þeirra.



Hildur Magnúsdóttir, gjaldkeri, Sigríður Laufey Gunnarsdóttir, Jóhanna Þorvaldsdóttir, ritari og Jóhannes Þórólfur Guðmundsson, formaður Hjálparsveitarinnar Tintron.

Við settum af stað nýtt verkefni – Spottaverkefnið- þar sem við söfnum afgangs ullargarni eða lopa og þrjónum sokka, vettlinga og húfur, við færðum Tintron fyrsta skammtinn á vordögum til að hafa í bílum sínum til að geta klætt kalda ferðalanga sem þeir væru að hlúa að ef þyrfti. Við héldum við áfram að þrjóna/hekla nýburagjafir sem allir nýfæddir Sunnlendingar fá frá SSK. Mikilvægt er að fyrsta hjálp og öryggi sé til staðar í nærumhverfinu, hver sekúnda getur skipt sköpum. Þar sem Grímsævintýrin fóru ekki fram og við sáum ekki möguleika á að halda okkar árlega jólabingó var lítið um fjáraflarnir. En þar sem þörfin var mikið að styðja Sjóðinn góða þá tókum við okkur til og efndum til áheitaöngu í október þar sem við ákváðum að ganga Sólheimahringinn um 24km. Gangan og áheitasöfnunin gekk vonum frammar og náðum við að færa Sjóðinum góða 1.500þús. Að auki var þetta ánægjulegur dagur þar sem við gátum spjallað saman en samt hugað að fjarlægðarmörkum sem og að ganga okkur til heilsueflingar.



Kvenfélagskonur við upphafsstað áheita göngunnar í október 2020

Við náðum að halda úti okkar árlegu vorgöngum en við höfum auglýst stuttar kvöldgöngur að vori síðustu ár þar sem allir eru velkomnir að ganga með okkur.



Þessar létu smá slagveður ekki stoppa sig í fyrstu vorgöngu ársins, Laufey Guðmundsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Jóna Vernharðsdóttir, Kristín Karlsdóttir og Linda Sverrisdóttir.

Í fyrstu göngunni fengum við örlitla veðuráskorun en þar létu nokkra kvenfélagskonur ekki slagveðursrigningu stoppa sig að ganga um golfvöllinn við Borg. Einnig var gengið í Þrastarskógi og við Álftarvatn í umhverfi sumarhússins okkar, Mörk. Haustfundurinn varð okkar síðasti formlegi

fundurinn en hann þurftum við að sitja með eins meters millibili og þökkum við að hafa aðgang að okkar góða félagsheimili þar sem við gátum dreift vel úr okkur. Eftir þetta sérstaka ár ákváðum við að kveðja árið með því að þakka félagskonum fyrir þó öflugt félagsár með jólakorti kerti og spilum.

Nú er nýtt ár runnið upp með nýjum áskorunum, en vonandi þó ekki eins stórum og á árinu 2020. Við vonumst til að halda áfram að vinna að samfélagslegum verkefnum okkur til ánægju, eflingar og með kjarki og þor líkt og allar félagskonur síðustu aldar.

Gleðilegt nýtt ár og þökkum fyrir stuðninginn og styrk fyrri ára!

Fyrir hönd Kvenfélags Grímsneshrepps

Laufey Guðmundsdóttir, formaður